



**Umræðuskjal**  
nr. 1/2011

**Drög að leiðbeinandi tilmælum um undanþágu frá starfrækslu  
innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum**

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit  
með fjármálastarfsemi.

**10. febrúar 2011**

## I. Inngangur

Fjármálaeftirlitið gefur út endurskoðuð leiðbeinandi tilmæli um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit. Tilmælin leysa af hólmi leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003.

Með lögum nr. 75/2010 var m.a. gerð breyting á 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í 1. mgr. 16. gr. laganna er kveðið á um að í fjármálafyrirtæki skuli starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Á grundvelli 5. mgr. 16. gr. laganna getur Fjármálaeftirlitið, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar einstakra fjármálafyrirtækja, veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi þeirra og sett þeim fyrirtækjum sérstök skilyrði sem slíka undanþágu fá.

Stjórn fjármálafyrirtækis ber ábyrgð á að fullnægjandi innra eftirlit og innri endurskoðun sé ávallt til staðar. Á það jafnframt við þegar undanþága frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða einstökum þáttum starfsemi innri endurskoðunardeildar er veitt.

Við gerð tilmælanna var horft til leiðbeinandi tilmæla Basel-nefndar um bankaeftirlit frá ágúst 2001 *Internal audit in banks and the supervisor's relationship with auditors*, er varða útvistun innri endurskoðunar.

## II. Skilyrði fyrir undanþágu

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að eiga kost á undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða einstakra þátta í starfsemi innri endurskoðunardeildar.

### *1. Utanaðkomandi sérfræðingur á sviði innri endurskoðunar*

Utanaðkomandi sérfræðingur á sviði innri endurskoðunar fer með innri endurskoðun fjármálafyrirtækis í heild sinni eða innri endurskoðun einstakra þátta í starfsemi innri endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækis.

Ákvæði 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki og reglugerðar sem sett er með stoð í 1. mgr. 16. gr. sömu laga ásamt leiðbeinandi tilmælum er varða innri endurskoðun, gilda eftir því sem við á um utanaðkomandi sérfræðing á sviði innri endurskoðunar.

Með lögum nr. 75/2010 var m.a. gerð breyting á ákvæði 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í 1. mgr. 90. gr. laganna kemur m.a. fram að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skuli ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið. Ákvæðið skerpir á kröfu um að endurskoðendur séu óháðir í störfum sínum og að krafan um óhæði lúti ekki eingöngu að einstaklingum heldur einnig að endurskoðunarfyrtækjum í heild sinni. Með hliðsjón af framangreindu getur sami endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki ekki sinnt bæði innri og ytri endurskoðun hjá sama fjármálafyrirtæki.

Innri endurskoðun dótturfélaga fjármálafyrirtækja getur verið framkvæmd af innri endurskoðunardeild móðurfélags.

## **2. Viðmið um umfang rekstrar**

Eftirfarandi viðmið um umfang rekstrar verða höfð til hliðsjónar við ákvörðun um veitingu undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða einstakra þátta í starfsemi innri endurskoðunardeildar:

*Viðskiptabanki, lánaþyrirtæki, rafeyrisþyrirtæki, verðbréfaþyrirtæki og verðbréfamíðlun*  
Heildareignir, eignir í eignastýringu og eignavörslu eru undir 100.000.000.000 kr.,

*Rekstrarfélag verðbréfasjóða*

Heildareignir ásamt eignum verðbréfa- og fjárfestingasjóða, fagfjárfestingasjóða, eignum í eignastýringu og eignavörslu eru undir 20.000.000.000 kr.

Þrátt fyrir framangreind viðmið mun Fjármálaeftirlitið við ákvörðun um undanþágu einnig hafa hliðsjón af áhættum í starfsemi viðkomandi þyrirtækis.

*Sparisjóður*

Sparisjóðum er heimilt að hafa með sér samstarf um starfsemi innri endurskoðunardeilda, skv. d. lið 1. mgr. 69. gr. laga um fjármálaþyrirtæki, að uppfylltum ákvæðum 2. mgr. 69. gr. laganna, reglugerðar settri með stöð í 16. gr. sömu laga og skilyrðum tilmæla þessara.

## **3. Skriflegur samningur**

Gera skal skriflegan samning við utanaðkomandi sérfræðing á sviði innri endurskoðunar þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

1. Skilgreining á verkefnum á sviði innri endurskoðunar og heimildum sérfræðingsins, sbr. ákvæði 16. gr. laga um fjármálaþyrirtæki, reglugerðar skv. 1. mgr. 16. gr. laganna og leiðbeinandi tilmælum er varða innri endurskoðun.
2. Stjórn, endurskoðunarnefnd, ytri endurskoðandi og Fjármálaeftirlitið skal hafa aðgang að öllum gögnum sem tengjast verkefnum sérfræðings hjá viðkomandi fjármálaþyrirtæki.
3. Kveða skal á um ábyrgð stjórnar fjármálaþyrirtækis á innri endurskoðun. Stjórn fjármálaþyrirtækis skal ekki setja hamlandi kröfur um tímalengd né kostnað á umfang innri endurskoðunar.
4. Ákvæði um tímalengd og uppsögn samnings. Miða skal við að tímalengd samnings sé ekki lengur en fimm ár .
5. Kveða skal á um þagnarskyldu, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálaþyrirtæki.

## **4. Viðbúnaðaráætlun**

Fjármálaþyrirtæki þurfa að greina áhrif þess að fá undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi þeirra á heildaráhættustefnu og innra eftirlit fjármálaþyrirtækis. Ennfremur þarf viðbúnaðaráætlun fjármálaþyrirtækis að taka mið af undanþágunni, þar sem hún getur falið í sér rekstraráhættu.

### III. Undanþágur frá skilyrðum II. kafla

#### *Undanþága frá einstökum þáttum í starfsemi innri endurskoðunardeildar*

Þegar viðeigandi sérþekking er ekki til staðar hjá innri endurskoðunardeild fjármálafyrirtækis er æskilegt að utanaðkomandi sérfræðingur sé fenginn til þess að framkvæma innri endurskoðun á þeim þáttum. Í þeim tilvikum getur Fjármálaeftirlitið fallið frá skilyrðum um umfang rekstrar, sbr. 2. tölul. II. kafla tilmælanna. Forstöðumaður skal jafnframt sjá til þess að innri endurskoðunardeild fjármálafyrirtækis tileinki sér sérþekkingar utanaðkomandi sérfræðinga, t.d. með því að fela starfsmanni innri endurskoðunardeildar að taka þátt í athuguninni.

#### *Rafeyrisfyrirtæki og verðbréfamíðlanir*

Fjármálaeftirlitið getur fallið frá skilyrðum II. kafla tilmælanna, vegna rafeyrisfyrirtækja og verðbréfamíðlana og heimilað undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar í heild sinni. Veiti Fjármálaeftirlitið undanþáguna ber stjórn fjármálafyrirtækis ábyrgð á að fullnægjandi innra eftirlit sé ávallt til staðar. Stjórn skal gera Fjármálaeftirlitinu árlega grein fyrir fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits.

### IV. Umsókn

Sækja skal um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum í starfsemi innri endurskoðunardeildar til Fjármálaeftirlitsins. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókninni, eftir því sem við á:

1. Gögn til staðfestingar á hæfi og hæfni utanaðkomandi sérfræðings.
2. Gögn til staðfestingar á umfangi rekstrar.
3. Samningur við utanaðkomandi sérfræðing.
4. Viðbúnaðaráætlun, þar sem tekið er mið af rekstraráhættu sem hlotist getur af undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum í starfsemi hennar.